

Ed.

409. Nefndarálit

[130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. l. um breyt. á þeim lögum, nr. 48 16. apríl 1963.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðurinn stendur höllum fæti um þessar mundir. Kostnaður við framkvæmdir er orðinn svo gífurlegur, að það er ungu, efnalitlu fólki ókleift að stofna bú í sveit, nema það eigi kost á miklum fjárhagslegum stuðningi. Að öðrum kosti vofir sú hætta yfir, að sveitabyggðin eyðist meira en orðið er.

Enahagskerfi núverandi ríkisstjórnar veldur því, að þessi hætta fer vaxandi.

Hagur bændastéttarinnar og gengi hennar framvegis veltur að miklu leyti á því, hvaða stefnu löggjafarvaldið hefur gagnvart þessum elzta atvinnuvegi þjóðarinnar og hve mikinn fjárhagsstuðning það veitir.

Fjárhagur bændastéttarinnar í heild verður ekki nægilega vel tryggður með hækkun á afurðaverði einungis. Ríkisvaldið þarf, jafnframt því að tryggja bændum réttlátt afurðaverð, að stórauka fjárhagslegan stuðning við framkvæmdir í landbúnaði, einkum til þeirra, sem hafa lítil bú eða eru að hefja búskap.

Síðan núverandi stjórnarflokkar komust til valda fyrir rúmum fimm árum, hefur verið fátt um nýmæli í löggjöf til stuðnings landbúnaði. Sú hækkun, sem gerð hefur verið á þessu tímabili á framlögum til jarðræktar og íbúðarhúsa í sveitum, hefur horfið óðar en varir í dýrtíðarhitina.

Framsóknarflokkurinn hefur á þessu þingi sem fyrr flutt mörg mál til hagsbóta fyrir landbúnaðinn, en stjórnarflokkarnir hindra framgang þeirra.

Frv. þetta stefnir í rétta átt, þar sem veita á samkvæmt því sérstakt framlag til jarðræktar að 25 ha túnstærð á hverri jörð og hækka nokkuð óafturkræft framlag til íbúðarhúsa í sveitum. En minni hl. nefndarinnar telur frv. ná of skammt og brýna þörf á að setja ný lagaákvæði um fleiri atriði, er landbúnaðinn varða.

Minni hl. n. vill freista þess að fá úr því bætt og ber fram á sérstöku þingskjali breytingartillögur um bústofnslán, um að ríkisframlög til ræktunar á jörðum, sem hafa minna en 25 ha tún, nemi 65% af kostnaði í stað 50% og að ríkissjóður greiði Stofnlánadeild landbúnaðarins sérstakt framlag, 25 millj. kr. árlega næstu 5 ár, og að þetta fé verði lánað til framleiðnaukningar í landbúnaði.

Minni hl. n. mun styðja frv., þó að brtt. hans verði ekki samþykktar.

Alþingi, 21. marz 1964.

Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason.
frsm.